



LÆGD #2
2012

I ALLT SNÝST

Við búum á hnetti sem snýst í hringi í flóknu sólkerfi. Allt er á hreyfingu. Pólstjarnan, sem einnig er nefnd leiðarstjarna, virðist vera eini fasti punkturinn á himinfestingunni. Hún gefur okkur hugmynd um ákveðna festu, en minnir okkur einnig á það að ekkert er stöðugt.

Siglingafræði snýst um staðsetningu, skilning á rými og hreyfingu. Listin fjallar einnig um þessi hugtök.

MISVÍSUN er lýsandi orð fyrir það sem má kalla stöðuga óvissu eða sífellda hreyfingu allra hluta. Sem yfirskrift sýningar má túlka það sem svo að sýningin, eða verkin á henni, feli í sér ákveðnar mótsagnir og að sýningin sé ekki öll þar sem hún er séð. Verkin eigi sér að minnsta kosti tvær hliðar. Orðið er upprunnið úr siglingafræði og vísar til frávíks kompásnálar frá réttu norðri eða suðri. Áttaviti bendir okkur á segul-norður og út frá því þurfum við að reikna landfræðilegt norður og átta okkur samkvæmt því. Selgulinorðrið er á sífelldri hreyfingu og því þarf að þekkja misvísunina til þess að finna rétta stefnu. Þetta má yfirfæra á stöðu mannsins í umhverfinu. Heimurinn er ekki stöðugur, hvort sem um er að ræða landfræðilegt eða tilvistarlegt sjónarhorn. Verk Kristins E. Hrafnssonar eru á mörkum lands og sjávar, jarðar og alheims og þau fjalla um persónulega viðleitni til skilnings og staðsetningar í veruleikanum.

HINGAÐ

og

ÞANGAÐ

og

HÉÐAN

og


ÞAÐAN

II STAÐURINN Í LISTAVERKINU – LISTAVERKIÐ Á STAÐNUM

Myndlist má greina og túlka. Í henni birtast mismunandi þættir, s.s. sjónarhorn, tilvísanir, staðir, efni, massi, stærðir og form. Með túlkun á myndlist er ekki átt við réttan skilning, því engin staðhæfing um listaverk getur talist tæmandi. Flest listaverk hafa skírskotun í eitthvað annað og eru margræð í þeim skilningi að þau vísa í ólíkar áttir og hrinda af stað túlkunarferli sem snýr að verkinu sjálfu í samhengi við aðra hluti og hugmyndir.

Kristinn fjallar um margvísleg viðfangs-efni í verkum sínum, en oftast má tengja þau tíma og rúmi. List hans er efnis-kennd og veigamikil. Hún varpar oft nýju ljósi á veruleikann á ljóðrænan og heimspekilegan máta. Hún fjallar um manninn í stærra samhengi og viðleitni hans til skilnings og staðsetningar í veruleikanum. Í verkum hans er varpað fram tilvistarlegum spurningum um manninn í umhverfi sínu og hvernig náttúran mótar hann, en jafnframt fjalla þau um samband listaverksins við vettvanginn. Kristinn kys verkum sínum gjarnan stað undir berum himni. Þau eru ekki hafin á

stall heldur falla að umhverfinu og eru greipt í stéttir eða grasflatir. Fólk áttar sig ekki endilega á því að um listaverk sé að ræða og þannig verða þau hluti af stærra samhengi; svæðinu sem umlykur þau og hversdagslegum athöfnum fólks á staðnum. Dæmi um staðbundið verk af þessu tagi er verkið FRÁ DRAUMI TIL VERULEIKA – OG AFTUR TIL BAKA ... OG AFTUR TIL BAKA (2006) við verslun IKEA í Garðabæ. Verkið hefur notagildi sem grind sem tekur vatn og óhreinindi undan skóm þeirra sem ganga inn í verslunina. Þetta er stór flötur úr stáli með útskornum bogadregnum raufum



PÓLSTJARNAN OG NÆSTA NÁGRENNI (HLUTI)
2012

sem minna á ólgusjó og þar með fólksstrauminn sem flæðir inn í verslunina. Verkið er þannig bæði tengt stað og stund. Það vísar til hugsana, drauma og hreyfingar af einum stað á annan.

Í mörgum verka Kristins skipar viðtakandinn hinsvegar hærri sess. Þau byggja beinlínis á þátttöku og öðlast aðeins merkingu í huga þess sem heimsækir þau. Staðurinn eða rými listaverksins tengist órjúfanlega tímanum með nærveru og upplifun. Staðurinn verður minning eða atburður. Í þessu sambandi má nefna verkið ÍSLANDSKLUKKA (2000). Það hefur skapað sér sess í huga fólks vegna þess að klukkunni er hringt við ákveðin tækifæri. Notkun verksins verður að merkingu þess. Staðurinn og umhverfið hafa einnig mikil áhrif á upplifunina og segja má að verkið marki umhverfið og umhverfið tali jafnframt í gegnum það. Slíkt samtal hefur hinsvegar enga merkingu nema með þátttöku almennings. Augað er ekki hlutlaus móttakandi heldur er virk hugsun og skynjun nauðsynleg fyrir tilvist verksins.



ORTUS POLARIS – Tillaga í samvinnu með Studio Granda
2009

© Kristinn E. Hrafnsson – www.keh.is
Ljósmyndir: KEH og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd
Texti: Margrét Áskelsdóttir
Grafísk hönnun: Guðmundur Ingi Úlfarsson

24. mars – 13. maí 2012

SJÓNLISTAMÍÐSTÖÐIN
CENTER FOR VISUAL ARTS





POLARIS
2011

III VERKIÐ RÆÐUR FÖR – VIÐ RÁÐUM FERÐINNI


Allir staðir eiga sína sögu. Stundum eru þeir vettvangur mikilvægra sögulegra atburða, en þeir geyma jafnframt þá sögu sem enginn maður þekkir. Hver staður er þannig mikilvægur á sinn hátt, þar hefur eitthvað gerst, hvort sem það tengist náttúru, mannheimi eða hvoru tveggja. Að þessu leyti eru allir staðir hlaðnir merkingu. Kristinn velur verkum sínum gjarnan staði sem menn hafa ekki enn tengt mikilvægum eða sögulegum atburðum. Þessi verk verða að vera þar sem þau eru og eins og þau eru. Eitt getur ekki staðið án samhengis við annað.



NORÐRIÐ – LEIÐARSTEINN
2012

Með verkinu SPÍRALL (2012) vill Kristinn finna leið til þess að losa sig undan áhrifa-mætti staðarins. Hugmyndin um hreyfingu hlutar í rými leiðir af sér stærð og hlutföll í innra samhengi og þannig hefur verkið áhrif á umhverfið á sínum eigin forsendum. Spíral er gríðarstór gormur úr stáli, en kveikjan að honum eru heilabrot um snúning jarðarinnar, stjörnuhiminninn og stöðu mannsins í því stóra kerfi. Spíralinn er eins og teikning af hlut sem snýst um sjálfan sig á ferð um rýmið. Til að virkja hann og kalla fram lifandi upplifun þarf hann að vera nógu stór til að hægt sé að ganga í gegnum hann. Gangan um verkið er hreyfiafl þess. Þannig beinist athyglin að hlutföllunum og eigin stöðu og minnir auk þess á að sólkerfið er spíralformað og á sífelldri hreyfingu. Afstaða okkar til hlutarins er mikilvæg – horfum við utan frá og inn í hann eða innan frá og út? Rými verksins er þannig ekki aðeins falið í forminu, heldur ekki síður rýminu sem umlykur það og sjónarhorninu sem við veljum okkur.

Svipuð hugmynd er á ferðinni í verkinu NORÐRIÐ – LEIÐARSTEINN (2012). Verkið er samsett úr áttavita og leiðarsteini (magnetite). Báðir hlutirnir eru í raun átta-viti, annar er stærðfræðilegt siglingartæki, en hinn náttúruleg segulnál. Áhorfandinn getur haft áhrif á verkið með beinum hætti og snúið kompásnálinni með steininum eins og honum sýnist. Hann skapar eigin misvísun.



SPÍRALL
2012

IV STAÐUR

Orðið staður er margrætt. Staður getur átt sér veraldlega tilvist sem vettvangur, afmarkaður af tiltekinni staðsetningu, en getur einnig átt við um huglægt ástand eða afstöðu til hugmynda. Við leitumst sífellt við að finna hugmyndum, skoðunum, tilfinningum og hlutum stað. Listaverk eiga sér einnig stað. Staður getur verið óræður í þeirri merkingu að geta verið til án eiginlegrar staðsetningar. Hann getur allt í senn verið til í veraldlegum, huglægum eða jafnvel hugmyndalegum skilningi.

Verið getur að holdið sé bundið einum stað, en hugurinn víðs fjarri. Á ÞESSARI STUNDU Á HINUM STAÐNUM (2012) fjallar um þetta. Verkið er lítill holur hólkur úr bronsi með samhljóða áletrun. Með verkinu má upplifa eigið rými sem hluta af stærri heild. Sýningargesturinn getur kosið að horfa á verkið, en hann getur einnig nýtt það sem kíki sem vísar á „hinn staðinn“. Þessa hugmynd um staði og atburði, sem eiga sér ekki eiginlega staðsetningu, má yfirfæra á nokkur verk Kristins. Þau fela í sér spurningar um veru mannsins, en jafnframt fjalla þau um eigin tilvist utan rúms og tíma. Enn og aftur er notkun verkanna hin eiginlega merking þeirra. Listaverkið stendur sem hluti af umhverfinu, en upplifunin á verkinu er ekki einungis bundin við veruna á staðnum, heldur getur hún lifað áfram óháð stað og stund.



Á ÞESSARI STUNDU ...
2012

MISVÍSUN / VARIATION KRISTINN E. HRAFNSSON

